



Frásagnir barna á tímum COVID-19

Salvör Nordal, Sigurveig Þórhallsdóttir og Eðvald Einar Stefánsson

► Abstract ► Um höfunda ► About the authors ► Heimildir

Í þessari grein er fjallað um frásagnir barna og ungmenna um hvernig það er að vera barn á tímum kórónuveirunnar og hvernig faraldurinn hafði áhrif á líf þeirra vorið 2020. Efninu er skipt upp í fimm flokka; fyrst er fjallað almennt um líf barna á þessum tíma, hinir fjórir flokkarnir endurspeglar þau málefni sem helst brunnu á börnunum, en þau voru skólinn, tómstundir, fjölskyldan og vinir og loks sóttvarnaaðgerðir. Miklar breytingar urðu á skólalaldi og tómstundastarfi, sérstaklega frá 16. mars til 4. maí þegar umfangsmiklar samkomutakmarkanir voru í gildi. Samverustundir fjölskyldunnar urðu almennt fleiri á þessu tímabili þar sem börn og foreldrar voru meira heima en vanalega.

Umboðsmaður barna leggur í starfi sínu áherslu á 12. gr. Barnasáttmálans sem kveður á um rétt barna til þess að taka þátt í samfélagslegri umræðu og að tekið sé tillit til sjónarmiða þeirra. Með það að markmiði að fá upplýsingar um hvernig börn upplifðu þennan tíma sendi umboðsmaður barna bréf til allra grunnskóla í byrjun mars þar sem óskað var eftir frásögnum barna og ungmenna um hvernig það er að vera barn á tímum kórónuveirunnar og hvernig faraldurinn hafði áhrif á daglegt líf þeirra. Verkefnið var jafnframt kynnt á samfélagsmiðlum. Skilafrestur var til enda skólaársins vorið 2020. Alls bárust 116 svör frá börnum og ungmönnum, mest var af skriflegum frásögnum en einnig bárust myndir, ljóð og myndskreið. Samantekt af frásögnum barnanna var birt á vefsíðu umboðsmanns í október 2020 og var einnig kynnt í fréttum á KrakkaRÚV. Með því að fá fram sjónarmið barna má betur draga lærdóm af reynslu þeirra og hvernig haga beri takmörkunum sem þessum í framtíðinni eða þegar aftur þarf að grípa til svo afdrifaríkra inngripa í samfélagið.

Efnisorð: Umboðsmaður barna, kórónuveiran, COVID-19, frásagnir barna, réttindi barna, Barnasáttmálinn, grunnskóli, nemendur, íþróttir og tómstundir, samkomubann, fjölskyldan

Inngangur

Umboðsmaður barna óskaði eftir frásögnum barna og ungmenna um hvernig það væri að vera barn á tímum kórónuveirunnar og hvernig faraldurinn hefði haft áhrif á daglegt líf þeirra vorið 2020. Í þessari grein er fjallað um svör barnanna en ljóst er að þau hafa fylgst vel með fréttum af kórónuveirunni og hugleitt sjúkdóminn og afleiðingar hans mikið. Í greininni er efninu skipt upp í fimm flokka; fyrst er fjallað almennt um líf barna á þessum tíma, hinir fjórir flokkarnir endurspeglar þau málefni sem helst brunnu á börnunum, en þau voru skólinn, tómstundir, fjölskylda og vinir og loks sóttvarnaaðgerðir.

Kórónuveirufaraldurinn (COVID-19) hefur haft víðtækar afleiðingar fyrir samfélagið, ekki síst börn og fjölskyldur þeirra. Samkomutakmarkanir tóku gildi 16. mars árið 2020 og var skólalald takmarkað fram til 4. maí það sama ár. Á þessum tíma fór framhaldsskólakennsla fram með fjarkennslu og

Í grunnskólum máttu ekki fleiri en 20 nemendur vera í sömu kennslustofu. Í leikskólum þurfti að leitaðist við að hafa börn í eins litlum hópum og mögulegt var. Vegna þessara ráðstafana urðu töluverðar breytingar á kennsluáferðum og námsmati í skólum landsins en hverjum og einum skóla var falið að útfæra kennslu og námsmat. Sumir skólar gátu boðið upp á staðkennslu fyrir nemendur hluta úr degi en aðrir skólar höfðu alla kennslu á netinu.

Breytt skólastarf hafði veruleg áhrif á félagslíf barnanna innan skólans og utan. Grunnskólar og leikskólar skiptu margir hverjir börnum upp í nokkra hópa þar sem hver hópur umgekkst eingöngu börn úr sínum hópi í skólanum. Jafnframt var mælt til þess að skólafélagar sem voru ekki í sama hópi í skólanum væru ekki að umgangast utan skóla. Samkomutakmarkanir höfðu ekki aðeins áhrif á skólastarf. Skipulagt íþróttastarf og margvíslegt annað tómtundastarf féll niður eða færðist yfir í fjarkennslu. Þá höfðu samkomutakmarkanir mikil áhrif á fjölskyldulíf barna þar sem samvera fjölskyldunnar jókst almennt til muna, m.a. vegna þess að börn voru styttri tíma í skólanum og margir foreldrar unnu heima.

Hvers vegna frásagnir barna?

Umboðsmaður barna leggur í starfi sínu áherslu á 12. gr. Barnasáttmálans sem kveður á um rétt barna til þess að taka þátt í samfélagslegri umræðu og að tekið sé tillit til sjónarmiða þeirra (lög nr. 18/1992 um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins). Börn búa yfir einstakri þekkingu og geta ein sagt til um hvernig þau upplifa aðstæður sínar. Af þessum ástæðum er brýnt að leita sjónarmiða barna um sem flest málefni samtímans en til þess eru fjölmargar leiðir mögulegar. Nokkrir fræðimenn hafa þróað kenningar um þátttöku barna í ákvarðanatöku. Roger Hart var brautryðjandi á þessu sviði. Hart setti fram átta þrepa þátttökustiga þar sem nánast engin þátttaka er í neðsta þrepinu en hún eykst eftir því sem farið er ofar í stigann (Hart, 1992, 2008). Aðrir sem hafa látið til sín taka á þessu sviði eru þau dr. Laura Lundy (2007) og Harry Shier (2001). Lundy er einn helsti sérfræðingur samtímans í samfélagslegri þátttöku barna. Greining Lundy á þátttöku barna grundvallast á 12. grein Barnasáttmálans og þeim forsendum sem þurfa að vera til staðar svo að börn geti raunverulega látið skoðanir sínar í ljós og haft áhrif. Þessar forsendur eru fjórar; þær eru rödd, áheyrn, vettvangur og áhrif. Margir hafa nýtt sér greiningu Lundy við þátttöku barna og má þar m.a. nefna að það var gert við skipulag barnaþings árið 2019 (Umboðsmaður barna, 2019).

Umboðsmaður barna hefur lagt áherslu á að samráð sé haft við börn þegar teknar eru ákvarðanir um breytingar á skólastarfi. Samkomutakmarkanir áttu sér ekki langan aðdraganda og þurftu skólar að bregðast hratt við til að aðlaga skólastarfið kröfum um sóttvarnir. Þar unnu kennarar og skólástjórnendur þekkvirki enda raskaðist kennsla hér á landi mun minna en í nágrannalöndunum. Þrátt fyrir skamman tíma er ávallt mikilvægt að reyna eins og kostur er að hafa samráð við nemendur um breytingar.

Umboðsmanni barna bárust fyrirspurnir frá börnum vegna þeirrar röskunar sem varð á skólastarfi í kjölfar þeirra aðgerða sem gripið var til í þeim tilgangi að hefta útbreiðslu kórónuveirunnar. Börn og ungmenni vildu m.a. vita hvort yfirstandandi önn í grunn- og framhaldsskólum yrði lengd, hvernig staðið yrði að einkunnagjöf í skólum og inntöku nemenda í framhaldsskóla. Umboðsmaður vakti athygli mennta- og menningarmálaráðherra á þessu með bréfi sem sent var þann 15. apríl. Kom þar fram að óvissa um framgang skólastarfs ylli börnum mikilli streitu og áhyggjum. Ljóst væri að skólar og skólafyrirvöld þyrftu að grípa til ýmissa ráðstafana til þess að tryggja rétt barna til menntunar og brýnt væri að nemendur í skólum væru þátttakendur í þeirri ákvarðanatöku, fengju nauðsynlegar upplýsingar um þá valkosti sem væru mögulegir, og fengju að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, áður en endanleg ákvörðun yrði tekin. Umboðsmaður barna lagði jafnframt áherslu á að mennta- og menningarmálaráðherra myndi beina þeim tilmælum til stjórnenda skóla, að við töku ákvarðana um tilhögun skólastarfs yrði hugað sérstaklega að rétti barna til upplýsinga og þátttöku samkvæmt ákvæðum Barnasáttmálans (Umboðsmaður barna, 2020).

Samkomutakmarkanir þær sem beitt var hér á landi höfðu mikil áhrif á daglegt líf barna. Því er

mikilvægt að finna leiðir til að fá upplýsingar um hvernig börnin upplifðu þennan tíma og veita þeim tækifæri til að tjá það á frjálstan og óþvingaðan hátt. Með því að fá fram sjónarmið barna má betur draga lærdóm af reynslu þeirra og hvernig haga beri takmörkunum sem þessum í framtíðinni eða þegar aftur þarf að grípa til svo afdrifaríkra inngripa í samfélagið.

Aðferðafræði

Umboðsmaður barna sendi öllum grunnskólum bréf í byrjun mars þar sem óskað var eftir frásögnum barna og ungmenna um hvernig það væri að vera barn á tímum kórónuveirunnar og hvernig faraldurinn hefði haft áhrif á daglegt líf þeirra. Jafnframt var verkefnið kynnt á samfélagsmiðlum. Verkefnið var unnið í samvinnu við KrakkaRÚV. Ekki voru gerðar sérstakar kröfur um form frásagna heldur voru börn hvött til þess að senda myndir, skriflegar færslur eða myndskleið. Skilafrestur til að senda inn efni var til loka skólaársins vorið 2020.

Alls bárust 116 svör frá börnum og skólum víðs vegar að af landinu. Aldur barnanna var breiður, allt frá fyrstu bekkjum grunnskóla til efstu bekkinga. Mest barst af skriflegum frásögnum en einnig voru sendar inn myndir, dagbókarfærslur og ljóð. Þá var nokkuð sent af myndskleiðum með frásögnum, viðtölum og leiknu efni. Líklegt er að beiðnin um frásagnir hafi ekki náð til allra hópa barna í samfélaginu og eru svörin að einhverju leyti háð áhuga tiltekinna skóla eða kennara. Hér er því ekki um þversnið að ræða eða úrtaksrannsókn. Eftir sem áður þá bregða frásagnirnar upp mikilvægri mynd af hugarheimi barna á þessum tíma.

Umboðsmaður barna hefur áður kallað eftir frásögnum barna en það var gert veturinn 2008 til 2009 í kjölfar fjármálakreppunnar. Niðurstaða þess verkefnis var birt í ritinu *Hvernig er að vera barn á Íslandi?* (Umboðsmaður barna, 2009).

Í október 2020 voru samantektir og tilvitnanir í frásagnir barna af kórónuveirunni birtar á vefsíðu umboðsmanns barna, barn.is, þá var einnig fjallað um þær í fréttum á KrakkaRÚV auk þess sem sýnt var myndband með nokkrum frásögnum.

Almennt um lífið á tímum kórónuveirunnar

Af svörum barnanna má merkja að kórónuveiran hafi haft umfangsmikil áhrif á daglegt líf barna. Mörgum fannst lífið vera skrýtið og sumir upplifðu að heimurinn væri öðruvísi. Algengt var að börnin tækju fram að þeim hefði liðið vel á þessum tíma. Það hefði verið minna stress á morgnana og þau hefðu náð betri svefni. Fólk hefði haft meiri tíma en áður m.a. til þess að hreyfa sig, elda og vera með fjölskyldunni. Talsverð áhersla var lögð á mikilvægi þess að eiga góða fjölskyldu og vini.

Börnin ræddu ekki aðeins neikvæð áhrif kórónuveirunnar heldur sáu mörg þeirra jákvæðar hliðar á þeim breytingum sem höfðu orðið vegna hennar. Samverustundir fjölskyldunnar væru fleiri og þá hefðu þau lært mikið á þessum tíma, t.d. hvað vinátta skiptir miklu máli, hvað það er mikilvægt að gera gott úr hlutunum, hugsa jákvætt og finna sér eitthvað að gera. Þó almennt hafi komið fram að börnunum hafi liðið vel voru einnig börn sem greindu frá að þeim hefði liðið illa, þau hefðu átt erfitt með allar þær breytingar sem orðið höfðu á samfélaginu og óttuðust að nákomnir ættingjar myndu smitast. Þau voru meðvituð um að margir hefðu smitast af veirunni, einnig að ástandið væri sérstaklega erfitt í ákveðnum löndum og að margir hefðu dáðið vegna kórónuveirunnar í heiminum. Fram kom að það hefði verið leiðinlegt fyrir þá sem áttu afmæli á þessum tíma að geta ekki haldið veislu. Í mörgum frásögnum var fjallað um atvinnu foreldra og þær breytingar sem höfðu orðið á vinnu þeirra, sumir væru að vinna heima, aðrir mættu í vinnuna eða væru að leita sér að vinnu.

Mér leið mjög vel á tímum COVID enda er ég mjög heppin með fjölskyldu. Ég náði að einbeita mér betur að náminu og fékk að sofa lengur. Engin sem ég þekki hefur veikt þannig ég er búin að vera einstaklega heppin á þessum erfiðu og skritnu tímum og er

þakklát fyrir það.

Mamma mín hún vinnur minna og við eigum ekki jafn mikla peninga og áður en við eigum nóg fyrir húsinu og mat en ekki nýju dóti sem við þurfum ekki. Ég er mjög glöð að við eigum ennþá eitthvað.

Mér er búið að líða óþægilega og skringilega. Þetta er stressandi en samt líka spennandi. Þetta er sorglegt út af þeim sem eru að deyja. Þirrandi og leiðinlegt að geta ekki farið í skólann eða leikið við vini mína. Á sama tíma er þetta þínu skemmtilegt. Ef ég ætti að lýsa þessu í einu orði væri það SKRÍTÍÐ! Mér líður alls konar.

Mér leið sérstaklega vel í samkomubanninu vegna þess að það var ekkert stress á morgnana, maður fékk að taka því rólega og allt var mjög rólegt og þægilegt þar sem maður gat verið enn þá í náttfötum fram eftir degi sem var mjög notalegt.

Skólinn

Í mörgum frásögnum var fjallað um þær breytingar sem gerðar voru á skólalaldi. Fram kom að skólatími væri mun styttri en vanalega en heimanámið hefði hins vegar aukist til muna. Börnunum fannst skrítið að þurfa að sitja ein og að fá ekki að fara í frístund. Mörgum leið eins og þau væru í sumarfríi, það hefði verið notalegt að geta sofði lengur á morgnana og vera í náttfötunum að læra. Í nokkrum frásögnum kom fram að börn hefðu náð að sofa meira en vanalega. Skiptar skoðanir komu fram um fjarkennslu og fannst mörgum erfitt að læra heima á meðan aðrir voru ánægðir með hvernig hefði tekist til og tóku fram að verkefni hefðu verið fjölbreytt. Sumum fannst þægilegt að vinna heima á meðan aðrir áttu erfitt með það. Nokkur börn tóku fram að þau hefðu ekki getað fengið hjálp við heimanámið, m.a. þar sem foreldrar þeirra hefðu verið mikið á fundum. Þá hefði einnig verið erfitt að læra heima út af öllum þeim truflunum sem þau væru, bæði hefðu verið læti og einnig hefði verið erfitt að hafa Internetið, YouTube og tölvuleiki við hendina og að kennarinn hefði ekki getað fylgst með hvað nemendur væru að gera. Fram kom að það hefði verið erfitt fyrir suma kennara að viðhafa fjarkennslu ef þeir höfðu takmarkaða tækniþekkingu. Þá söknuðu börnin þess að geta ekki lært með vinum sínum. Mörg börn nefndu að þau hefðu þurft að spritta hendur í hvert skipti sem þau komu inn í skólalastofuna. Í flestum skólum var nemendum skipt upp í hópa og var reynt að koma í veg fyrir samskipti þar á milli. Þetta fannst mörgum börnum erfitt, sérstaklega ef bestu vinir þeirra voru í öðrum hóp en þau sjálf. Mörg barnanna hlökkudu til þess að skólinn yrði aftur með hefðbundnu sniði þann 4. maí. Sumum fannst að verið væri að brjóta gegn réttindum barna með því að hefja ekki venjulegt skólalald fyrir en 4. maí, höfðu áhyggjur af þeim sem þyrftu að halda í náminu og einnig þeim sem áttu erfitt með breytingar, t.d. börnum sem eru einhverf.

Einn af erfiðustu þörtunum við að læra heima eru allar truflanir sem koma og ekki bara læti og þannig en líka sumir hlutir eins og að hafa internetið og YouTube eða tölvuleiki bara þarna og engin leið fyrir kennarann að vita hvað þú varst að gera.

Sumir kennarar áttu erfitt með að kenna í gegnum tölvur og kunnu bara ekkert á tölvur. En eftir nokkrar vikur þá lærðu þau að nota þær og allir kennararnir.

Bara að hugsa sér alla sem þurfa aðstoð í náminu sem fá ekki almennilega hjálp út af þessu. Alla sem höndla breytingu MJÖG illa, m.a. einhverf börn.

Skólinn breyttist og var bara á þriðjudögum og fimmtudögum í 2 klukkutíma en samt fullt af heimanámi.

Fjölskylda og vinir

Í frásögnum barnanna var áberandi að þau söknudðu þess að geta leikið við alla vini sína eins og venjulega. Þá fannst mörgum erfiðast við kórónuveiruna að geta ekki umgengist alla vini sína. Það hefði hjálpað að geta átt samskipti í gegnum FaceTime en það kæmi ekki í stað þess að hittast augliti til auglitis og það væri leiðinlegt að geta ekki faðmast. Þau börn sem gátu hitt vini sína voru ánægð með það, þau hefðu bakað, spilað, farið í göngutúr eða út að hjóla saman. Algengt var að börnin tækju fram að samverustundir fjölskyldunnar hefðu verið fleiri sem væri jákvætt og þau hefðu orðið nánari foreldrum sínum. Þá tóku nokkur börn fram að þau væru þakklát fyrir að eiga góða fjölskyldu. Það hefði samt verið skrítíð að vera svona mikið heima með foreldrum sínum. Þá kom fram að foreldrar hefðu verið óvenju mikið á fundum en aðrir foreldrar unnið minna en vanalega. Fram kom að börnin hefðu fengið að aðstoða við heimilisverkin eins og að þrifa og búa til mat, á sumum heimilum var ráðist í framkvæmdir og fengu börnin að aðstoða við þær. Þau sem áttu systkini voru þakklát fyrir að hafa einhvern að leika sér við heima. Mörgum fannst erfitt að geta ekki heimsótt afa sinn og ömmu og hlökkudðu til að mega knúsa þau. Heimilisáðstæður barna eru fjölbreyttar og þetta tímabil gat verið flókið fyrir þau börn sem eiga tvö heimili.

Ég fékk ekki að hitta ömmu og afa sem ég hitti venjulega á hverjum einasta degi. Ég saknaði þeirra rosalega mikið.

Ég mátti ekki hitta tvær bestu vinkonur mínar sem ég hitti venjulega á hverjum einasta degi. En sem betur fer á ég þrjár bestu vinkonur og ein þeirra er í mínum hóp.

Mamma vildi fyrst þegar það var sett samkomubann að við myndum ekki fara til pabba [...] En svo varð þetta lengra og lengra og við söknudum pabba og pabbi saknaði okkar þannig að þá leyfði mamma okkur að fara til pabba.

Þegar þetta samkomubann byrjaði mamma og pabbi að rífa upp þvottahúsið og setja innréttingar og gera það flottara. Þau eru ekki enn búin með það en þegar þau eru búin þá verður þetta mjög flott.

Tómstundir, íþróttir og tónlistarnám

Íþrótaæfingar lágu að mestu niðri á þeim tíma sem samkomubann stóð yfir og nefndu mörg börn að íþróttirnar hefðu tekið hvað mestum breytingum. Þau börn sem æfa fótbolta voru almennt ánægð með að boðið hefði verið upp á heimaæfingar. Æfingarnar hefðu verið fjölbreyttar, bæði tækniæfingar og þrek- og styrktaræfingar. Sum börn fóru oft út í göngutúr eða út að hlaupa. Þá fannst sumum þetta kærkomin hvíld þar sem vanalega gæfist ekki tími fyrir annað en að mæta í skólann og á æfingar. Önnur töluðu um að þau hefðu misst þolið og stundum liðið illa. Fram kom að það hefði verið andlega erfitt að komast ekki á æfingar og að hreyfa sig lítið, þeim hefði liðið mun betur þegar þau fóru reglulega á æfingar. Sum fundu fyrir andleysi og fengu sig ekki til þess að hreyfa sig. Þau börn sem gátu farið á hestbak fannst það mikilvægt og skemmtilegt. Fram kom að fótboltaæfingar hefðu hafist á sama tíma og skólinn en þá hefði þurft að spritta og þvo hendur fyrir og eftir æfingu. Fram kom að fjölbreytt kennsla hefði farið fram í gegnum fjarfundabúnað og má þar nefna tónlistarnám og skákkennslu. Mörgum fannst mjög leiðinlegt að geta ekki farið í sund og þá hefðu allar gönguleiðir verið fjölfarnar af fólki sem ekki gat farið í líkamsræktarstöðvar því þær voru lokaðar. Talsvert var um að börn hefðu verið mikið inni og notað tímann til þess að spila tölvuleiki.

Ég gerði líka mikið af heimaæfingum í fótboltanum og ég er búin að bæta metið mitt að halda á lofti um 42 síðan kórónuveiran byrjaði.

Ég bara fæ ekki motivationið fyrir því að koma mér í gang og byrja að hreyfa mig. Vanalega er ég á æfingum 3–4 sinnum í viku og ég finn bara að mér líður mikið betur þá.

Fótboltinn fyrir mig breyttist lang mest. Þegar maður vaknaði þá var heimaæfing á komin (í fótbolta). Allar æfingarnar voru alltaf með einhverjar tækniæfingar eða halda á lofti. Síðan voru á öðrum hverjum degi þol eins og hlaup eða sprettir. Í endann var oftast einhver heimastyrkur eins og bak og magaæfingar eða armbeygjur. Ég sjálfur gerði allar æfingarnar, slepti einu þoli en gerði yfirleitt aukalega.

Þar sem ég æfi skák fór hún bara fram í gegnum netið. Ég hitti kennarana í forriti sem heitir Zoom og svo notuðum við vefsíðu sem heitir Chess.com. Netskáknotum fjölgaði til muna og meira að segja landsmótið í skák er á netinu.

Sóttvarnaaðgerðir

Mikið var fjallað um hreinlæti og sérstaklega hve oft þyrfti að spritta hendur. Einnig var talsvert fjallað um tveggja metra regluna og hvernig hún hefði virkað, í skólum og verslunum. Ekki hefði mátt snerta neitt í verslunum og þá hefðu fjölskyldur takmarkað fjölda ferða í matvöruverslanir. Fólk hefði passað að halda tveggja metra fjarlægð frá næsta manni og að hósta ekki. Flest börn voru augljóslega meðvituð um þær sóttvarnaaðgerðir sem gripið hafði verið til og skildu að þessar aðgerðir ættu að draga úr smithættu. Þá vissu þau einnig að um tímabundið ástand væri að ræða. Einnig kom fram að ákveðnir hópar væru í mikilli áhættu og þá þyrfti að passa sérstaklega vel.

Í mörgum frásögnum var tekið fram að það hefðu margir dáið vegna kórónuveirunnar í heiminum og að ástandið væri verulega alvarlegt í ákveðnum löndum. Almennu voru börnin ekki hrædd við að fá veiruna sjálf og voru þeirrar skoðunar að það væri líklegra að eldra fólk yrði meira veikt. Þess vegna höfðu mörg börn áhyggjur af afa sínum og ömmu. Nokkur börn sendu inn frásagnir um hvernig það var að vera í sóttkví. Almennu voru börnin ánægð með viðbrögð íslenskra stjórnvalda og þá samstöðu sem hefði myndast í samfélaginu. Þá voru þau ánægð með heilbrigðiskerfið.

Mörg barnanna þekktu einhvern sem þurfti að fara í sóttkví eða hafði smitast og verið í einangrun. Þau höfðu áhyggjur af að einhver nákominn þeim myndi smitast og fannst mikilvægt að fjölskyldan passaði sig sérstaklega vel. Fram kom að foreldrar hefðu margir hverjir verið strangir hvað varðaði hreinlæti og að farið væri eftir reglum stjórnvalda, það hefði verið þirrandi en samt jákvætt. Þá kom einnig fram gagnrýni á þær aðgerðir sem gripið hafði verið til. Sneri sú gagnrýni fyrst og fremst að því að aðgerðir ættu ekki að taka til barna þar sem ólíklegt væri að þau smituðust eða smituðu aðra. Brotið væri gegn réttindum barna með því að hefja skólahlald ekki fyrr en 4. maí. Þá ættu samkomutakmarkanir aðeins að taka til þeirra sem væru 17 ára og eldri. Búið væri að hræða foreldra sem hefðu síðan hrætt börn sín. Börn væru farin að segja foreldrum sínum ósatt um hvert þau væru að fara og hverja þau væru að hitta til þess að geta átt samskipti við vini sína. Þau börn sem hlýddu foreldrum sínum ættu á hættu að verða einmana og þunglynd.

Þetta er búið að vera skrítið, mjög skrítið. En er frekar ánægður hvernig Íslandi er búið að ganga í þessu því það er flókið að tækla svona stór vandamál og hvað þjóðin er búin að standa vel saman.

„Þetta er ekki það versta sem hægt er að lenda í og við hér á Íslandi erum svo heppin með heilbrigðiskerfið okkar, svo lengi sem við stöndum saman þá komumst við í gegnum þetta og ekki gleyma, hlýðum Víði.

Svo var sett 2 metra reglan [...] HVAÐ ER ÞAÐ!!!: 2 metra reglan er að það eiga að vera 2 metrar á milli fólks til að minnka smithættu [...] En hvað er smithætta? Smithætta er að það er hætta á að maður smitist. 2 metra reglan var sett svo maður væri ekki ofan í öðrum og þannig dregur úr smithættu.

Það hafa margir dáið. Það má ekki hitta gamalt fólk út af því að það eru meiri líkur að gamalt fólk deyi en fullorðið fólk. Það eru margir búnir að fá veiruna. Ef maður fær veiruna

Þá þarf maður að fara í einangrun, þá má maður ekki hitta neinn og þá þarf maður að hanga heima í tvær vikur. Ef maður er búinn að hitta einhvern sem hefur fengið veiruna þá þarf maður að fara í sóttkví, þá er maður ekki að hitta fólk. Maður getur bara fengið veiruna 1 sinni.

Krakkar eru farnir að ljúga að foreldrum sínum hvert þeir eru að fara til að geta hitt vini sína og haft almennileg mannleg samskipti. Auðvitað er það skiljanlegt ef einhver er með undirliggjandi sjúkdóm á heimilinu og eru hræddir en annars ætti það ekki að hafa áhrif á samskipti barna.

Umræður og lokaorð

Framangreindar frásagnir sýna hversu umfangsmikil áhrif kórónuveiran og sóttvarnaaðgerðir, þá einkum takmarkanir á skólahaldi og tómsundastarfi, höfðu á líf barna. Svör barnanna endurspeglu fjölbreytileg sjónarhorn þeirra og hversu meðvituð þau eru um samfélag sitt. Athygli vekur hve mörg barnanna ræddu um minna álag á heimilinu og tækifæri til að sofa lengur en venjulega þegar um hægði í samfélaginu. Þetta kallast á við rannsóknir sem sýndu að almennt leið íslenskum börnum og ungmennum betur í fjármálakreppunni en árin þar á undan (Rannsóknir og greining, e.d.). Jafnframt kemur fram að þau töluðu um aukið heimanám í skólanum með aukinni fjarkennslu. Þetta er til umhugsunar í ljósi þess að ítrekað hefur komið fram að börn telji nauðsynlegt að minnka heimanám í skólakerfinu. Minna heimanám var eitt af því sem börn lögðu hvað mesta áherslu á þegar barnþing var haldið árið 2019 (Umboðsmaður barna, 2019). Velta má fyrir sér hvort ástæðan sé mikið álag í lífi margra barnafjölskyldna eftir venjulegan skóladag sem geri það að verkum að erfitt sé að finna tíma til að sinna heimanáminu.

Í yfirlýsingu barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna frá 8. apríl 2020 er áréttað að aðildarríki Barnasáttmálans eigi að ná fram sjónarmiðum barna og taka tillit til þeirra þegar ákvarðanir eru teknar um ráðstafanir er tengjast heimsfaraldrinum. Börn eigi jafnframt að skilja hvað sé að gerast og upplifa að þau eigi aðkomu að þeim ákvörðunum sem teknar eru vegna hans (United Nations, 2020). Mikilvægt er að börn fái tækifæri til þess að vera þátttakendur í samfélagslegri umræðu. Samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans ber aðildarríkjum hans að tryggja börnum rétt til að láta skoðanir sínar frjálsglega í ljós í öllum málum sem þau varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra. Jafnframt þarf að hvetja börn til að mynda sér skoðanir og búa til aðstæður sem styðja þau við að tjá sig. Þá er mikilvægt að auka virðingu fyrir skoðunum barna og leita markvisst eftir þeim.

Children's views in the times of COVID-19

In the spring of 2020, the Ombudsman for Children in Iceland called for narratives from Icelandic children on being a child in the times of the COVID-19 pandemic and how it has affected their daily lives and routine. Their answers are analysed in this article. The narratives are divided into five categories: discussions on the general effect of the pandemic, as well as four recurring issues in the children's answers; that is school, leisure activities, family and friends and responses to COVID-19. The pandemic has had a profound impact on our society, not least on children and their families.

It is clear from the answers received by the Ombudsman that Icelandic children have paid close attention to news regarding the COVID-19 pandemic and its impact on society. Substantial limitations on people's right to gather were put in place on the 16th of March which extended to schools, with limitations lasting until the 4th of May when schools were able to operate in a conventional manner. The majority of schools had to rely on online teaching to some extent, some more than others.

Changes within the schools and leisure activities had an instrumental impact on children. They spent more time at home with their families as many of them only attended school in a limited fashion while many parents worked from home. In light of these wide-ranging consequences it is essential to gather information as to how the children experienced these changes in their lives in an attempt to make certain that when parallel measures need to be taken, they reflect the needs of children and are aimed at ensuring their rights.

The Ombudsman for Children has emphasized the importance of Article 12 of the United Nations Convention on the Rights of the Child and children's right to participation. According to Article 12, children's views should be sought, heard, and considered in relation to all matters that concern them. It is important to provide children with the opportunity to be heard and to have their point of view considered when decisions are made concerning measures in relation to the pandemic. A letter was sent to every elementary school in Iceland in the beginning of March where the Ombudsman requested children to send in stories of their daily lives during the COVID-19 pandemic. No requirements were made concerning the construction of the answers; thus, children were encouraged to hand in pictures, written statements, or videos. Children had until the end of the school year in spring 2020 to respond. The Ombudsman received 116 answers from children across the country who handed in written statements, pictures, journals, and poems. There were also a few video clips with stories and plays. Probably the Ombudsman's request did not reach all groups of children and the answers are in some respect dependent on the interest of certain teachers or schools. Nonetheless these narratives provide an important insight into the lives of children during the COVID-19 pandemic. A summary of the children's answers was published in October 2020 on, www.barn.is, which is the webpage of the Ombudsman for Children in Iceland. This summary was also reported on the children's news channel on the KrakkaRÚV where video clips from children were shown.

In their narratives the children emphasized that their lives were different now than before the pandemic and that many things were strange. The children generally expressed feeling content during this time. Among recurring topics was the impact the pandemic had on their families with more time spent together at home. The children reported that there was less tension in their homes in the morning and that they had the opportunity to catch up on sleep. They missed their friends and grandparents and looked forward to being able to see them and hug them like before. The children talked about there being more homework and they were generally pleased with the manner of remote teaching online. They were generally satisfied with the measures taken to diminish the pandemic although some were unhappy with them. These narratives provide an important insight into children's views and their lives during the first outbreak of the COVID-19 pandemic in Iceland.

Key words: Ombudsman for children, Children's views, COVID-19, elementary school, children's rights, lockdown

Um höfunda

Salvör Nordal er umboðsmaður barna.

Sigurveig Þórhallsdóttir starfar sem lögfræðingur hjá embætti umboðsmanns barna.

Eðvald Einar Stefánsson starfar sem sérfræðingur hjá embætti umboðsmanns barna.

About the authors

Salvör Nordal is Ombudsman for Children in Iceland.

Sigurveig Þórhallsdóttir is Legal Advisor at the office of the Ombudsman for children.

Eðvald Einar Stefánsson is Senior Advisor at the office of the Ombudsman for children.

Heimildir

- Hart, R. (1992). *Children's participation. From tokenism to citizenship. Innocenti essays no. 4*. Sótt af https://www.unicef-irc.org/publications/pdf/childrens_participation.pdf
- Hart, R. (2008). Stepping back from 'the ladder': Reflection on a model of participatory work with children. Í A. Reid, B. B. Jensen, J. Nickel og V. Simovska (ritstjórar), *Participation and learning* (bls. 19–31). New York: Springer.
- Lundy, L. (2007). 'Voice' is not enough: Conceptualising Article 12 of the United Nations Convention on the rights of the child. *British Educational Research Journal*, 33(6), 927–942. Sótt af <https://bera-journals.onlinelibrary.wiley.com/doi/abs/10.1080/01411920701657033>
- Lög nr. 18/1992 um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.
- Rannsóknir og greining. (e.d.). Skýrslur. Sótt af <https://rannsoknir.is/skyrslur/>
- Shier, H. (2001). Pathways to participation: Openings, opportunities and obligations. *Children & Society*, 15(2), 107–117. Sótt af <https://onlinelibrary.wiley.com/doi/abs/10.1002/chi.617>
- Umboðsmaður barna. (2009). *Hvernig er að vera barn á Íslandi?* Sótt af https://www.barn.is/media/skyrslur/bok_hvernig_er_ad_vera_barn_a_islandi.pdf
- Umboðsmaður barna. (2019). Barnaþing 2019. Sótt af <https://www.barn.is/barnathing/2019/>
- Umboðsmaður barna. (2020, 16. apríl). Þátttaka barna í ákvarðanatöku um tilhögun skólstarfs. Sótt af <https://www.barn.is/frettir/thattaka-barna-i-akvardanatoku-um-tilhogun-skolastarfs>
- United Nations. (2020, 8. apríl). *CRC COVID-19 Statement*. Sótt af https://tbinternet.ohchr.org/_layouts/15/treatybodyexternal/Download.aspx?symbolno=INT/CRC/STA/9095&Lang=en



Salvör Nordal, Sigurveig Þórhallsdóttir og Eðvald Einar Stefánsson (2020).

Frásagnir barna á tímum COVID-19

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2020 – Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19

Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2020/menntakerfi_heimili_covid19/07.pdf

DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.14>